

Fylgiskjöl með kafla 1.

Frummatsskýrsla fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Fylgiskjal 1.1 Umsögn Súðavíkurbrepps
Fylgiskjal 1.2 Umsögn Ísafjarðarbæjar
Fylgiskjal 1.3 Umsögn Orkustofnunar
Fylgiskjal 1.4 Umsögn Fiskistofu
Fylgiskjal 1.5 Umsögn Umhverfisstofnunar
Fylgiskjal 1.6 Umsögn Samgöngustofu
Fylgiskjal 1.7 Umsögn Minjastofnunar Íslands
Fylgiskjal 1.8 Umsögn Veiðimálastofnunar
Fylgiskjal 1.9 Umsögn Matvælastofnunar
Fylgiskjal 1.10. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands
Fylgiskjal 1.11 Umsögn Strandabyggðar
Fylgiskjal 1.12 Umsögn Hafrannsóknastofnunar
Fylgiskjal 1.13 Umsögn Ferðamálastofu
Fylgiskjal 1.14 Ákvörðun Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun
Sigmar A. Steingrímsson
Laugavegi 166
105Reykjavík

Súðavík, 3. mars 2016
pgm

Efni: Umsögn sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps v/ 6800 tonna framleiðslu á laxi sjó í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 10. febrúar 2016, þar sem óskað var umsagnar um ofangreinda framkvæmd.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps fagnar vinnu við matsáætlun fyrir 6800 tonna framleiðslu á laxi í sjóeldi í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells og bindur mikla vonir við að efni skýrsluna verði gagnlegt við næstu skref framkvæmdarinnar.

Frá árinu 2002 hefur HG stundað þorskeldi, aðallega í Álftafirði og í Seyðisfirði. Þessi starfsemi HG hefur verið gríðarlega mikilvæg fyrir atvinnulíf Súðavíkurhrepps, sem því miður hefur verið einsleitt undanfarin ár og átt undir högg að sækja. Með aukningu á umsvifum, með því að hefja framkvæmd á 6.800 tonna framleiðslu má segja að samfélagið fái kröftuga vítamínsprautu, sem það hyggst vinna vel úr.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur mikla áherslu á að framkvæmdin hafi sem minnst neikvæð áhrif umhverfi Súðavíkurhrepps og að einstakir umhverfispættir, sem geta verið viðkvæmir, verði kannaðir sérstaklega með það fyrir augum að vernda þá fyrir óafturkræfum spjöllum. Sérstaklega er mikilvægt að framkvæmdaraðilinn, vandi vel til verka og geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir svokallaðar slyasleppingar, þ.e. að eldíasfiskur sleppi úr eldiskvíunum og sæki upp í nærliggjandi ár. Miklir hagsmunir eru þar í húfi og leggur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps mikla áherslu að framkvæmdaðili spari hvergi til að verjast slíkum slyasleppingum.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps minnir á mikilvægi þess að skipulagsvald sveitarfélaga nái yfir aðliggjandi strandsvæði, firði og flóa og æskilegt er að skipulag standsjávar nái út að einni sjómílu frá grunnlínu.

Í skýrslu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða þar sem greind voru möguleg hagræn áhrif slíkrar eldisuppbyggingar á svæðið kemur meðal annars eftirfarandi fram:

Þegar 10 þúsund tonna laxeldi byggist upp í Ísafjarðardjúpi má gera ráð fyrir því að störfum muni fjölga um 130 á atvinnusvæðinu. Meðallaun í greininni eru hærri en lágsmarkslaun og gera má ráð fyrir því útsvarstekjur mun aukast um tæplega 100 milljónir króna á svæðinu. Starfsemin sem slík mun því hafa veruleg áhrif á atvinnulíf svæðisins og stækkar tekjustofna sveitarfélagna á svæðinu. (Hagræn áhrif laxeldis á Vestfjörðum, ATVest 2014)

Af því gefnu að niðurstaða umhverfismats verði jákvæð leggur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps mikla á áherslu hversu samfélagslega mikilvægt það er fyrir svæðið að framleiðsla á laxi í sjó verði að veruleika, meðal annars með vísan í skýrslu AtVest.

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps

Pétur G. Markan
- sveitarstjóri -

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

	Skipulagsstofnun
Mótt.:	26. feb. 2016
Málnr.	


ÍSAFJARÐARBÆR
Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Ísafjörður, 24. febrúar 2016
2016020056 ÓGV

Efni : Sjókvíaelði í ísafjarðardjúpi - Háafell

Á 451. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 24.2.2015 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn um tillögu að matsáætlun fyrir framleiðslu á 6.800 tonnum af laxi í sjó í Ísafjarðardjúpi á vegum Háfells ehf.

Bókun nefndarinnar:

Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemd við framkomna tillögu að matsáætlun.


Nefndin telur afleitt að enga stefnumörkun stjórnvalda er að finna um sjókvíaelði á Vestfjörðum, fremur en annars staðar. Sérstaklega er þetta slæmt í ljósi þess að sveitarfélögin hafa ekki skipulagsvald yfir aðliggjandi strandsvæðum, fjörðum og flóum.

Að frumkvæði sveitarfélaga á Vestfjörðum og Fjórðungssambands var unnin nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð og í þessu tilfelli hefði slík áætlun verið til mikilla bóta.

Skipulags- og mannvirkjanefnd vill því ítreka þá skoðun sína að æskilegt er að sveitarfélög ráði skipulagi strandsjávar út að 1 sjómílu frá grunnlinu.

Inga S. Ólafsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst;

Ólaf Guðni Valdimarsdóttir
- skipulags- og byggingarfulltrúi -


Skipulagsstofnun
b.t. Sigmars Arnars Steingrímssonar
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. mars 2016
Tilvísun: OS2016020040/22.2
Verknúmer: 1083000

Efni: Umsögn um tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðs 6.800 tonna laxeldis Háafells ehf. í sjókvíum á tíu svæðum í Ísafjarðardjúpi

Þann 15. febrúar sl. barst Orkustofnun erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 10. febrúar 2016, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðs 6.800 tonna laxeldis Háafells ehf. í sjókvíum á tíu svæðum í Ísafjarðardjúpi, með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 og 15. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum, nr. 1123/2005.

Í umsögninni mun Orkustofnun gera grein fyrir þeim leyfum sem stofnunin hefur gefið út á sviði kalkþörungasetts og malar/sands á hafsbotni í Ísafjarðardjúpi, umsögn sinni um tillögu að matsáætlun vegna töku á kalkþörungaseti, og fyrirbyggjandi leyfisumsóknum hjá stofnuninni á þessu sviði.

Leyfi Orkustofnunar til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti í Ísafjarðardjúpi

Orkustofnun hefur gefið út eftirfarandi leyfi til tveggja fyrirtækja til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni í Ísafjarðardjúpi, frá því leyfisveitingar voru fluttar til stofnunarinnar þann 1. ágúst 2008.

Leyfi til handa Groupe Roullier:

- Leyfi til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni í innanverðu Ísafjarðardjúpi, til handa Groupe Roullier, dags. 4. ágúst 2009. Gildistími leyfisins var frá 4. ágúst 2009 til 15. ágúst 2011.
- Bréf Orkustofnunar til Groupe Roullier, dags. 30. október 2009, viðauki við framangreint leyfi, dags. 4. ágúst 2009.

Leyfi til handa Íslenska kalkþörungafélaginu ehf.:

- Leyfi til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni í Önundarfirði og Ísafjarðardjúpi að meðtöldum Jökulfjörðum, til handa Íslenska kalkþörungafélaginu ehf., dags. 29. júní 2011. Gildistími leyfisins var frá 29. júní 2011 til 31. júlí 2014.
- Bréf Orkustofnunar til Íslenska kalkþörungafélagsins ehf., dags. 22. apríl 2014, viðbætur við framangreint leyfi, dags. 29. júní 2011 (1. fylgiskjal).
- Bréf Orkustofnunar til Íslenska kalkþörungafélagsins ehf., dags. 1. september 2014, viðbætur við framangreint leyfi, dags. 29. júní 2011 (2. fylgiskjal).

Leyfin má finna á eftirfarandi vefslóð Orkustofnunar <http://www.os.is/orkustofnun/leyfisveitingar/utgefin-leyfi/>, að undanskyldum tveimur viðbótum við leyfi, en viðbæturnar fylgja með bréfinu (1. og 2. fylgiskjal). Eins og fram kemur í leyfunum þá voru gerðar margvíslegar mælingar og rannsóknir til að afmarka kalkþörungaset í Ísafjarðardjúpi, s.s. kvikmyndataka af sjávarbotninum, dýptar- og endurvarpsmælingar og kjarnaboranir. Rannsóknasvæðin eru mjög víða í Ísafjarðardjúpi, en mörk þeirra hafa ekki verið hnitsett. Meðfylgjandi er almenn lýsing Orkustofnunar á staðsetningu rannsóknasvæðanna í 12 liðum, þar sem einnig er reynt að áætla út frá mynd 2.1 í meðfylgjandi skýrslu Háafells ehf., hvort líklegt sé að um skörun sé að ræða milli



rannsóknasvæða fyrirtækjanna og eldissvæða Háafells ehf. Hér er einungis um grófa nálgun Orkustofnunar að ræða.

1. **Álftafjörður.** Í vestanverðum firðinum nær rannsóknasvæðið frá Langeyri og suður á móts við eyðibýlið Lækjarhól. Að öllum líkindum er ekki um skörun að ræða við fyrirhugað eldissvæði Háafells ehf. í Álftafirði. Í austanverðum firðinum er suðurendi rannsóknasvæðisins stuttu norðan við Hattareyri, og liggur út með öllum firðinum, og tengist rannsóknasvæðinu í Seyðisfirði út af Kambsnesi. Rannsóknasvæðið er breiðara utar í firðinum, og skarast líklega við austurmörk framangreinds eldissvæðis.
2. **Seyðisfjörður.** Rannsóknasvæðin í Seyðisfirði eru báðum megin í utanverðum firðinum. Að vestanverðu nær rannsóknasvæðið frá eyðibýlinu Tröðum, norðan við Eyri, og norður fyrir Kambsnes og yfir í Álftafjörð. Rannsóknasvæðið er nálægt vesturmörkum fyrirhugaðs eldissvæðis Háafells ehf. í utanverðum Seyðisfirði, og um skörun er líklega að ræða við eldis-eða helgunarsvæðið. Í austanverðum Seyðisfirði er suðurendi rannsóknasvæðisins á móts við Eyri, og svæðið nær norður úr firðinum, eða þónokkuð norður fyrir Fólafót. Á móts við eyðibýlið Fót breikkar rannsóknasvæðið og er fjær landi. Erfitt er að átta sig á því hve rannsóknasvæðið er nálægt austurmörkum framangreinds eldissvæðis.
3. **Hestfjörður.** Rannsóknasvæðið í Hestfirði er víðfemt, en því er ekki lýst nánar þar sem Háafell ehf. er ekki með áform um eldissvæði í firðinum.
4. **Skötufjörður.** Rannsóknasvæðið er að austanverðu í firðinum, og nær frá Gilseyri og út með firðinum, eða á móts við suðurenda Vigurs. Rannsóknasvæðið er nálægt austurmörkum fyrirhugaðs eldissvæðis Háafells ehf. í Skötufirði, og um skörun er líklega að ræða við eldis-eða helgunarsvæðið.
5. **Brestsker til Torflágargrunns.** Rannsóknasvæðið nær frá Brestskeri í suðaustur að Torflágargrunni og allnokkuð suður fyrir hann. Háafell ehf. er ekki með áform um eldissvæði í nágrenni við rannsóknasvæðið.
6. **Ögurhólmar til Mjóafjarðar.** Rannsóknasvæðið nær frá Ögurhólum, meðfram vesturströndinni og inn í Mjóafjörð að vestanverðu, allt suður undir Hrútey. Rannsóknasvæðið er einna breiðast út af Stekkjarvík og Þernuvík. Að öllum líkindum er ekki um skörun að ræða við vesturmörk fyrirhugaðs eldissvæðis Háafells ehf. í Mjóafirði.
7. **Austanverður Mjóáfjörður.** Rannsóknasvæðið í austanverðum firðinum nær frá Austurtanga, sem er nokkru norðaustan við Hrútey, með ströndinni og aðeins norður fyrir Vestastatanga á Vatnsfjarðarnesi. Rannsóknasvæðið er þarna nálægt austurmörkum fyrirhugaðs eldissvæðis Háafells ehf. í Mjóafirði, og um skörun gæti verið að ræða við eldis- eða helgunarsvæðið.
8. **Vatnsfjarðarnes til Reykjaness.** Norðurendi rannsóknasvæðisins er nokkru norðan við nyrstu tanga Vatnsfjarðarness. Rannsóknasvæðið liggur með austurströnd Vatnsfjarðarness, framan við Vatnsfjörð og Reykjarfjörð og allnokkuð suður fyrir Reykjanes, þ.e. inn í Ísafjörð að vestanverðu. Að öllum líkindum er ekki um skörun að ræða við fyrirhugað eldissvæði Háafells ehf. í Biskupsvík.
9. **Borgarey og nágrenni.** Norðurendi rannsóknasvæðisins er stuttu norðan við Klakk, og svæðið liggur í suður beggja vegna Borgareyjar og er á grynningum suðaustur af henni, og sveigir síðan í átt að Reykjanesi. Fyrirhuguð eldissvæði Háafells ehf. í Biskupsvík og við Hamar eru í nágrenni við nyrsta hluta rannsóknasvæðisins við Klakk, en líklega er ekki um skörun að ræða.
10. **Ísafjörður.** Rannsóknasvæði eru út af ströndinni beggja vegna fjarðarins, og ná á móts við bæinn Svansvík að vestanverðu, og út að Nauteyri að austanverðu. Rannsóknasvæðunum er ekki lýst nánar þar sem Háafell ehf. er ekki með áform um eldissvæði í firðinum.
11. **Út af Kaldalóni.** Rannsóknasvæðið út af Kaldalóni er í beinu framhaldi af rannsóknasvæðinu suðaustan Æðeyjar, og liggur utan við mynni Kaldalóns og allt suður á móts við kirkjustaðinn Melgraseyri. Erfitt er að átta sig á því hvort einhver skörun er við fyrirhugað eldissvæði Háafells ehf., sem nefnt er Kaldalón, og er vestan við rannsóknasvæðið.
12. **Nágrenni Æðeyjar.** Rannsóknasvæðið norðvestan Æðeyjar nær allt út í Sátuvík, en suðaustan eyjarinnar er það breitt og virðist ná aðeins inn fyrir Bæi. Líklega er ekki um skörun að ræða

við fyrirhugað eldissvæði Háafells ehf., sem nefnt er Bæjahlíð, en það virðist vera aðeins sunnan við rannsóknasvæðið.

Umsögn Orkustofnunar um tillögu að matsáætlun vegna töku á kalkþörungaseti

Í framhaldi af leit og rannsóknum Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. á kalkþörungaseti í Ísafjarðardjúpi á árunum 2011–2014, hefur fyrirtækið hafið vinnu við mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar töku á kalkþörungaseti af hafsbotni suðaustan Æðeyjar og út af Kaldalóni í Ísafjarðardjúpi. Orkustofnun hefur með bréfi til VSÓ Rágjafar ehf., dags. 3. júní 2015, veitt upplýsingar vegna beiðni um samráð um tillögu að matsáætlun vegna framangreindrar framkvæmdar, og með bréfi til Skipulagsstofnunar, dags. 16. september 2015, veitt umsögn um tillögu að matsáætlun. Bréfin má finna á eftirfarandi vefslóð Orkustofnunar <http://os.is/orkustofnun/umsagnir/umsagnir-2015?CacheRefresh=1>.

Leyfi Orkustofnunar til tilraunatöku á kalkþörungaseti í Ísafjarðardjúpi

Samhliða framangreindri vinnu við mat á umhverfisáhrifunum, sótti Íslenska kalkþörungafélagið ehf. um leyfi til tilraunatöku á kalkþörungaseti af hafsbotni austan Æðeyjar og út af Kaldalóni í Ísafjarðardjúpi. Þann 30. október 2015 gaf Orkustofnun út leyfi til 600 rúmmetra tilraunatöku á tveimur línunum á framangreindum svæðum, en leyfið má finna á eftirfarandi vefslóð Orkustofnunar <http://www.os.is/orkustofnun/leyfisveitingar/utgefin-leyfi/>.

Umsókn til Orkustofnunar um leyfi til töku kalkþörungasetis í innanverðu Ísafjarðardjúpi

Þann 26. mars 2015 barst Orkustofnun umsókn frá KBME ráðgjöf ehf. um leyfi til umfangsmikillar töku á kalkþörungaseti í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Með bréfi til KBME ráðgjafar ehf., dags. 22. maí 2015, óskaði Orkustofnun eftir nánari upplýsingum vegna afgreiðslu málsins, en þær hafa ekki borist. Með bréfi til Orkustofnunar, dags. 14. júlí 2015, sótti KBME ráðgjöf ehf. til viðbótar um leyfi til tilraunatöku á kalkþörungaseti af hafsbotni í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Orkustofnun mun taka umsókn um leyfi til tilraunatöku til afgreiðslu þegar stofnuninni hafa borist nánari upplýsingar varðandi framangreinda umsókn fyrirtækisins um leyfi til töku á kalkþörungaseti í innanverðu Ísafjarðardjúpi.

OSPAR samningurinn um verndun NA-Atlantshafsins

Orkustofnun telur rétt að benda á, að íslensk stjórnvöld eiga aðild að OSPAR samningnum um verndun NA-Atlantshafsins. Á *OSPAR List of Threatened and/or Declining Species and Habitats*, má finna kalkþörungaset undir flokknum um búsvæði. Orkustofnun bendir einnig á, að á vef OSPAR Commission, <http://www.ospar.org/>, er að finna nánari upplýsingar um framangreindan lista.

Leyfi Orkustofnunar til efnistöku af hafsbotni í Álfafirði og framtíðarmöguleikar


Þann 16. júní 2011 veitti Orkustofnun Kubbi ehf. leyfi til efnistöku af hafsbotni norður af Hattareyri í Álfafirði, og gildi leyfið til 1. júlí 2014. Með bréfi til Kubbs ehf., dags. 9. júlí 2014, var leyfið framlengt til 15. júlí 2015. Kubbur ehf. hefur sent Orkustofnun drög að nýrri umsókn um leyfi til efnistöku á sama svæði. Framangreint leyfi var sunnarlega í Álfafirði, og því langt frá fyrirhuguðu eldissvæði Háafells ehf., sem er á móts við Langeyri og norður af henni. Orkustofnun telur að á fyrirhuguðu eldissvæði Háafells ehf. í Álfafirði geti mögulega fundist mól og sandur í nýtanlegu magni. Austan megin í firðinum virðast vera leifar af tvöföldum jökulgarði, sem sjást þegar dýptarlínur á sjókortum Sjómælinga Íslands eru skoðaðar.

Orkustofnun óskar eftir því að fullt samráð verði haft við stofnunina í matsferlinum sem framundan er hjá Háafelli ehf., því eins og að framan greinir þá hafa tvö fyrirtæki staðið fyrir umfangsmiklum og kostnaðarsömum rannsóknum á kalkþörungaseti í Ísafjarðardjúpi, unnið er að matsskýrslu fyrir tvö svæði þar sem fyrirhuguð er taka á allt að 120.000 rúmmetrum af

kalkþörungaseti á ári í þrjátíu ár, og umsókn liggur fyrir hjá Orkustofnun frá öðru fyrirtæki, sem einnig fyrirhugar umfangsmikla töku á kalkþörungaseti til langs tíma í Ísafjarðardjúpi. Til viðbótar þarf að huga að mól og sandi á hafsbotni í Ísafjarðardjúpi, og þá sérstaklega í Álftafirði.

Virðingarfyllst
f.h. orkumálastjóra


Bryndís G. Róbertsdóttir
land- og jarðfræðingur


Rakel Jensdóttir
lögfræðingur

Fylgiskjöl:

1. Bréf Orkustofnunar til Íslenska kalkþörungafélagsins ehf., dags. 22. apríl 2014: viðbætur við leyfi Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni í Önundarfirði og Ísafjarðardjúpi að meðtöldum Jökulfjörðum.
2. Bréf Orkustofnunar til Íslenska kalkþörungafélagsins ehf., dags. 1. september 2014: viðbætur við leyfi Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni í Önundarfirði og Ísafjarðardjúpi, að meðtöldum Jökulfjörðum.

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 02.03.2016
Tilv. 0113/2015 - 2. 2

Efni: Varðar tillögu að matsáætlun fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Í bréfi dagsettu 17. febrúar s.l. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi tillögu að matsáætlun fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Sjókvíaeldi getur haft áhrif á villta stofna laxfiska einkum með tvennum hætti: 1. Snýkjudyra- eða sjúkdómasmit frá fiskeldi; 2. Slysaslepping þar sem eldisfiskur getur borist í ár og blandast villtum stofnum. Smit getur borist frá eldi í villta stofna og valdið afföllum og hugsanlega afkomubresti. Smit getur verið vegna veiru- eða bakteríusjúkdóma, þó lítið sé vitað um slíkt smit, sökum þess hve erfitt hefur reynst að rannsaka það. Smit vegna snýkjudyra, s.s. laxalúsar, er hinsvegar vel þekkt og getur valdið verulegum afföllum í villtum stofnum. Slysasleppingar geta orðið til þess að eldisfiskar ganga í ár og geta tekið þátt í æxlun þar með villtum fiskum. Nýleg rannsókn frá Noregi sýnir að 2/3 hluti villtra laxastofna hefur erfðaeiginleika frá eldislaxum¹. Mikilvægt er að taka mið af þeirri staðreynd vegna uppbyggingar í fiskeldi á Íslandi. Í nóvember 2013 var óhapp hjá Fjarðalaxi í Patreksfirði og sumarið 2014 veiddust eldislaxar í Botnsá í Patreksfirði^{2,3}. Eldislaxarnir reyndust vera kynþroska³ og hefðu því geta tekið þátt í hrygningu, en afar takmörkuð hrygningarskilyrði eru til staðar í ánni. Þetta dæmi (og rannsókn frá Noregi sem vísað er til) staðfestir það að eldisfiskar geta blandast villtum fiski ef þeir berast í ár þar sem hrygningarskilyrði eru til staðar og náttúrulegur stofn. Í Patreksfirði voru litlir eða engir veiðihagsmunir í húfi, ólíkt því sem á við í Ísafjarðardjúpi. Í Ísafjarðardjúpi er laxveiði í Laugardalsá (meðalveiði frá 1974: 318 laxar), Ísafjarðará (meðalveiði frá 1974: 24 laxar), Langadalá (meðalveiði frá 1974: 188 laxar) og Hvannadalsá (meðalveiði frá 1974: 116 laxar). Það er því ljóst að veiðihagsmunir í Ísafjarðardjúpi eru verulegir. Vegna veiðihagsmuna hefur Landsamband veiðifélaga lagt til að Ísafjarðardjúpi verði lokað fyrir sjókvíaeldi líkt og gildir að mestu um firði og flóa á vesturlandi og norðurlandi (Auglýsing nr. 460/2004).

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fjallað verði sérstaklega um áhrif laxalúsar á villta stofna í sérstökum kafla í matsskýrslunni. Fram kemur fram að gerð verði grein fyrir nýjum rannsóknum á tíðni laxalúsar á villtum silungi í Ísafjarðardjúpi og eldisfiski í kvíum. Fiskistofa telur mikilvægt er að nýta þá þekkingu sem safnað hefur verið um laxalús á Vestfjörðum og því verði gerð góð skil í matsskýrslunni, eins og ráðgert er. Metnar verði líkurnar á því að hvort og í hvaða mæli smit muni berast í laxfiskastofna (einkum

sjógönguseiði) í Ísafjarðardjúpi. Í tillögu að matsáætlun er fjallað um notkun á s.k. pilsí við kvíar sem notaðar eru til að draga úr líkunum á því að laxalús berist að eldisfiskinum. Fiskistofa gerir ráð fyrir því að nánar verði fjallað um notkun þess í matsskýrslunni og skýrt verði frá reynslu af þessum búnaði þar sem hann hefur verið notaður.

Ráðgert er að fjalla sérstaklega um slysasleppingar og möguleg áhrif vegna slíkra óhappa á lífríkið í tillögu að matsáætlun. Það er mikilvægt að áhættan verði metin fyrir laxastofna í Ísafjarðardjúpi, eins og ráðgert er, og að það mat verði notað til að taka endanlega ákvörðun um það hvort fyrirhuguð uppbygging í laxeldi sé æskileg á svæðinu. Ein leið til að draga úr óæskilegum áhrifum af sjókvíaelði er að nota geldfiska (t.d. þrílitna) í eldinu, en geldfiskar geta ekki valdið varanlegum áhrifum í náttúrulegum vistkerfum með erfðablöndun. Fiskistofa leggur til að í mati á umhverfisáhrifum verði greint hvort, og með hvaða hætti, notkun á geldlaxi dragi úr áhættu af starfseminni.

Fiskistofa gerir ekki aðrar athugasemdir við tillögu að matsáætlun fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

1. <http://www.nina.no/Aktuelt/Nyhetsartikkel/ArticleId/3984>

2. Leó A. Guðmundsson. 2014. Upprunagreining á löxum veiddum í Patreksfirði í júlí 2014. Veiðimálastofnun, VMST- 14046.

3. Leó A. Guðmundson, Guðni Guðbergsson, Halla M. Jóhannesdóttir og Eydís Njarðardóttir. 2014. Rannsókn á löxum veiddum í Patreksfirði í ágúst 2014. Veiðimálastofnun, VMST/14047.

Fylgiskjal 1.5

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 1. mars 2016
UST201602-166/B.S.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - laxeldi í Ísafjarðardjúpi – Háafell. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi fram tillögur að vöktunaráætlun eins snemma í ferlinu og kostur er. Umrædd tillaga að matsáætlun er að mestu samhljóða matsskýrslu sem gerð var vegna eldis regnbogasilungs á svipuðum slóðum og ráðgert er nú að stunda laxeldi. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvort fyrirhugað laxeldi sé að öllu leyti sambærilegt við fyrirhugað eldi á regnbogasilungi, sérstaklega hvað varðar lífrænt álag.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að eins snemma og kostur er að í matsferli liggi fyrir burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar. Jafnaframt verði í matsskýrslu gerð grein fyrir hver hámarks lífmassi verði á hverjum tíma í kvíum Háafells á sambærilegan hátt og gert er í burðarþolsmati. Sérstaklega ætti að gera grein fyrir mesta mögulega lífmassa á eldissvæðum Háfells.

Gera þarf grein fyrir samlegðaráhrifum með annarri starfsemi í firðinum. Fjalla þarf ítarlega um slyasleppingar og mögulega erfðablöndun við villtan lax og hversu víða slíkra áhrifa gæti gætt.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri





Fylgiskjal 1.6

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 23.02.2016
1602705 / HZ

Efni: Skipulagsmál - Framleiðsla á 6.800 tonnum af laxi í sjó í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf. - Beiðni um umsögn

Með bréfi dagsettu þann 10. febrúar s.l. óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Samgöngustofu um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Samgöngustofa vill benda á að ekki er getið um fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum Fjarskiptasjóðs við hringtengingu Vestfjarða með ljósleiðara. Samkvæmt þeirri áætlun á að þvera fjóra firði vegna tengingarinnar og geta þessar framkvæmdir rekist á.

Virðingarfyllst

Halldór Ó. Zoëga



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

26. febrúar 2016
MÍ201602-0034/ 6.07 / K.M.

**Efni: Framleiðsla á 6.800 tonnum af laxi í sjá í
Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.**

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 10. feb. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Fjallað er um menningarminjar í kafls 3.4.1 í tillögu að matsáætlun. Þar segir að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum um menningarminjar sem tekin voru saman í matsskýrslu til Skipulagsstofnunar frá febrúar 2015.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,

Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

From: Sigmar Arnar Steingrímsson [mailto:sigmar@skipulag.is]
Sent: 2. mars 2016 10:37
To: kgj@frosti.is; Valdimar Ingi Gunnarsson <valdimar@sjavarutvegur.is>
Subject: Umsögn Veiðimálastofnunar

Meðfylgjandi umsögn Veiðimálastofnunar barst okkur í gær. Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir á þessu stigi. Umsögnin krefst ekki viðbragða af hálfu Háafells.

Kveðja,
Sigmar Arnar

Sigmar Arnar Steingrímsson
sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
gæðasamhæfing, svið stefnumótunar og þróunar / Quality Co-ordination
Skipulagsstofnun / National Planning Agency
Laugavegur 166, 105 Reykjavík, Ísland / Iceland
sími / tel: (+354) 595 4100
sigmar@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Guðni Guðbergsson [mailto:gudni.gudbergsson@veidimal.is]
Sent: 1. mars 2016 17:12
To: Sigmar Arnar Steingrímsson <sigmar@skipulag.is>
Subject: Umsögn um fiskleidi

Sæll Sigmar

Ég var að senda fyrirspurn til þín varðandi skilafrest á athugasemdum á tillögu að matsáætlun Háafells í Ísafjarðardjúpi sem Skipulagsstofnun hafði óskað eftir frá Veiðimálastofnun. Við nánari skoðun þá koma helstu efnisatriði fram í áætluninni og því tel ég ekki ástæðu til að gera athugasemd við hana. Það kemur svo síðar að efninu í matsskýrslunni sjálfri.

Kveðja

Guðni

=====

Guðni Guðbergsson
Sviðsstjóri
Veiðimálastofnun Auðlindasvið
Árleyri 22,
112 Reykjavík
sími: 580 6300 farsími: 840 6306

DÝRALÆKNIR FISKISJÚKDÓMA
VETERINARY OFFICER FOR FISH DISEASES



SKIPULAGSSTOFNUN
c/o Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
105 Reykjavík

	Skipulagsstofnun
Mótt.: 19. feb. 2016	
Málnr.	



Selfoss, 17. febrúar 2016

Tilvísun: 1602166

Tilv. Skipulagsstofnunar: 201511024 / 5.2

UMSÖGN

Málefni: Framleiðsla á 6.800 t. af laxi í sjó í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað er eftir álit Matvælastofnunar á tillögu að matsáætlun vegna árlegrar framleiðslu á 6.800 tonnum af laxi í sjókvíum á þremur kynslóðaskiptum svæðum í Ísafjarðardjúpi. Með erindinu fylgdi tillaga að matsáætlun undir verkefnastjórn Valdimars Inga Gunnarssonar, dags. janúar 2016, þar sem fyrirhuguðum framkvæmdum og framkvæmdasvæðum er lýst. Fjallað er um helstu áhrifaþætti og áherslur sem teknar verða fyrir í frummatsskýrslunni, s.s. lífrænt álag, heilbrigðismál, laxalús og slysasleppingar.

Undirritaður hefur fylgst nokkuð grannt með þróun fiskeldismála, ekki síst síðustu misseri þegar allt stefnir í að umfang eldisins á norðanverðum Vestfjörðum muni aukast töluvert með ofangreindum áformum Háafells. Félagið, sem er alfarið í eigu Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf. (HG), hefur um árábil sérhæft sig í klaki og seiðaelði á Nauteyri en skal nú að nafninu til einnig yfirtaka sjókvíaelði á þorski og regnbogasílungi sem staðsett er í Álfafirði. Starfsmenn bæði Háafells og HG eru komnir með áralanga reynslu í almennu fiskeldi og ættu ekki að eiga í erfiðleikum með að takast á við það umfang laxeldis sem hér er boðað. Ofangreint mat á umhverfisáhrifum sem nú skal vinna á vegum Háafells verður enn eitt umhverfismatið sem fram hefur farið á vettvangi íslensks fiskeldis á allra síðustu árum og mun það án efa gefa okkur dýrmæta reynslu og lærdóm. Eftir lestur á þeirri tillögu sem nú liggur fyrir er niðurstaðan sú að engin efnisleg athugasemd er gerð við tillögugerðina og sýnist sem þeir þættir er skipta mestu máli séu allir á sínum stað.

Virðingarfyllst;



Gísli Jónsson

From: Trausti Baldursson [<mailto:trausti@ni.is>]

Sent: 7. mars 2016 16:23

To: Sigmar Arnar Steingrímsson <sigmar@skipulag.is>; Rut Kristinsdóttir <rut@skipulag.is>

Subject: Framleiðsla á 6.800 tonnum af laxi í sjó í Ísafjarðardjúpi - beiðni um umsögn

Tilvísun í mál: 2016020023

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 18. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir 6.800 framleiðslu af laxi í sjó í Ísafjarðardjúpi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið en í framangreindri matsáætlun er gert grein fyrir þeim þáttum sem á að fjalla um í frummatsskýrslu. Ekki er annað að sjá en fjallað verði í frummatsskýrslu um þau atriði sem skipta máli. Við lestur matsáætlunarinnar getur verið erfitt að meta hve ítarleg umfjöllunin verður í frummatsskýrslunni um einstaka þætti. Ljóst er að fjalla þarf ítarlega um mengun og álag á lífríki t.d. á botni/burðarþol, sjúkdóma, notkun framandi laxastofna, vistfræði eldissvæðanna og hugsanleg áhrif á náttúrufar/tegundir/búsvæði þ.m.t. einnig aðra nýtingu o.s.frv. Ekki er ljóst af matsáætluninni hvernig verður fjallað um heildaráhrif af laxeldinu og þau metin t.d. með tilliti til sjálfbærrar þróunar til lengri tíma s.s. öflun á fóðri, úr hverju er það unnið, kostir og ókostir við að nota íslenskan stofn af laxi vs. norskan, gæði fyrirliggjandi rannsóknna/upplýsinga og þ.a.l. áreiðanleika matsþátta. Í matsáætluninni virðist ekki gert ráð fyrir að meta marga kosti heldur stefnan tekin á ákveðin svæði, ákveðinn laxastofn og ákveðið magn.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is





**Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík**

Hólmavík 9. mars 2016.

Á fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar Strandabyggðar þann 7. mars 2016 var m.a. eftirfarandi á dagskrá:

2. Skipulagsstofnun - Matsáætlun

Erindi frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir að Strandabyggð gefi umsögn um matsáætlun vegna framleiðslu á 6.800 tonnum af laxi í sjó í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur, að í tillögu að matsáætlun um framleiðslu á 6.800 tonnum af laxi í sjó í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells, sé nægjanlega vel gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og öðrum þeim þáttum er fram koma í beiðni Skipulagsstofnunar.

Á fundi sveitarstjórnar Strandabyggðar 8. mars s.l. var bókun Umhverfis- og skipulagsnefndar samþykkt.

Byggingafulltrúi
Strandabyggðar

Gísli Gunnlaugsson



Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík
B.t. Sigmar A. Steingrímsson

Reykjavík, 14.03.2016

Tilv. 24

JS/mp

**Málefni: Framleiðsla á 6800 tonnum af laxi í sjó Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf –
beiðni um umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 10. febrúar 2016 (Tilvísun: 201511024 / 5.2) þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint erindi Háafells ehf sem er tillaga að matsáætlun.

Háafell ehf hefur gert umhverfismat fyrir eldi á 6800 tonnum af regnbogasilungi en hyggst breyta um eldistegund og færa sig yfir í laxeldi. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi umhverfismat á 6800 tonnum af regnbogasilungi, kemur fram að ætli Háafell ehf að breyta um eldistegund skuli fara fram nýtt umhverfismat þó annað í eldinu breytist ekki.

Tillaga að matsáætlun fyrir 6800 tonn af laxi gerir ráð fyrir skoðaðir verði sömu þættir og metnir voru í umhverfismati fyrir regnbogasilung. Margvíslegar mælingar á umhverfispáttum liggja fyrir vegna fyrri rannsókna og verður gerð grein fyrir þeim í matinu það eina sem breytist verulega, samkvæmt matsáætlun, er að stóru eldissvæðin, sem eru þrjú, verða færð utar í firðina og/eða verða þétt í færri og stærri svæði innan hvers eldissvæðis. Fram kemur að nýjar svæðastaðsetningar munu fara yfir eitt tog rækjurannsókna Hafrannsóknastofnunar og að hluta yfir tvö önnur. Framkvæmdaaðili hafði samráð við stofnunina um útfærslu og breytingu svæðanna.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,

Jóhann Sigurjónsson



Skipulagsstofnun
Bt. Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Reykjavík 04.mars 2016
Tilvísun: FMS1602183 / 05.00

Efni: Umsögn um framleiðslu á 6.800 tonnum af laxi í sjó í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Með bréfi dagsett 10. febrúar 2016 hefur Ferðamálastofu borist til umsagnar tillaga að matsáætlun vegna framleiðslu á 6.800 tonnum af laxi í sjó í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Almenn umsögn:

Ferðamálastofa fagnar því vinnulagi sem hér er beitt og gerir ekki sérstakar athugasemdir við fyrirhugaða framleiðslu að svo stöddu. Ferðamálastofa hvetur þó til þess að betur verði gert grein fyrir núverandi starfsemi á sviði ferðapjónustu og mögulegrar framtíðaruppbyggingu hennar á svæðunum þar sem kvíðabyrpingar eru fyrirhugaðar. Jafnframt er lagt til að haft verði samráð við fleiri ferðapjónustuaðila en þá sem tengjast sjávar tengdri ferðapjónustu til að fá frekari ábendingar um þróun ferðapjónustunnar í Ísafjarðardjúpi. Ennfremur, þar sem fyrirhuguð framleiðsluaukning leiðir af sér stækkun á sjókvíum nálægt landi, er mjög mikilvægt er að gera betur grein fyrir sjónrænum áhrifum þessarar aukningar.

Forsendur umsagnar:

Forsendur Ferðamálastofu: Ferðamálastofa byggir umhverfisstefnu sína á sjálfbærri og ábyrgri ferðamennsku. Náttúra Íslands er sú auðlind sem ferðapjónustan á Íslandi byggir á til framtíðar. Í kynningu og ímyndarsköpun hefur ferðapjónustan á Íslandi lagt áherslu á hreinleika og lítt snortna náttúru landsins en skv. könnunum er náttúra Íslands helsta forsenda heimsóknar um 80% erlendra ferðamanna til Íslands. Styrkur Íslands sem ferðamannalands felst því einkum í sérstakri og lítt raskaðri náttúru landsins. Náttúra Íslands er varan sem íslensk ferðapjónusta er að selja og ákaflega mikilvægt að henni sé ekki spillt. Þegar farið er af stað með áætlanir og framkvæmdir á ferðamannastöðum er mikilvægt að þær séu byggðar á vandaðri greiningu og rannsóknunum og unnar af varkárni og virðingu fyrir viðkvæmri náttúru Íslands, samfélagsins og sögu.

Virðingarfyllt,

Örn Þór Halldórsson
Umhverfisstjóri Ferðamálastofu



Framleiðsla á 6.800 tonnum af laxi í Ísafjarðardjúpi

Ákvörðun um matsáætlun

Inngangur

Þann 9. febrúar 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Háafelli ehf. um fyrirhugaða framleiðslu á 6.800 tonnum af laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 1.11 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Strandabyggðar, Súðavíkurbrepps, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Veiðimálastofnunar.

Ráðgjafi Háafells ehf. er Sjávarútvegsþjónustan ehf.

Gögn lögð fram

Tillaga að matsáætlun fyrir 6.800 tonna framleiðslu af laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf., janúar 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 9. mars 2016.
- Strandabyggð með bréfi dags. 9. mars 2016.
- Súðavíkurbrepp með bréfi dags. 3. mars 2016.
- Ferðamálastofu með bréfi dags. 4. mars 2016.
- Fiskistofu með bréfi dags. 2. mars 2016.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 14. mars 2016.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 17. febrúar 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 26. febrúar 2016.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti 7. mars 2016.
- Orkustofnun með bréfi dags. 4. mars 2016.
- Samgöngustofu með bréfi dags. 26. febrúar 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 1. mars 2016.
- Veiðimálastofnun með tölvupósti dags. 1. mars 2016.

Athugasemdir bárust frá:

- Dýrfiski hf., nú Arctic Sea Farm, með bréfi dags. 12. febrúar 2016.
- Eigendum Ármúla I og II í Strandabyggð með bréfi dags. 29. febrúar 2016.
- Fuglavernd með bréfi dags. 28. febrúar 2016.
- Landssambandi veiðifélaga með bréfi dags. 23. febrúar 2016.
- NASF, Verndarsjóði villtra laxastofna með bréfi dags. 27. febrúar 2016.
- Óttari Yngvasyni fyrir hönd eigenda Haffjarðarár í Hnappadal með bréfi dags. 27. febrúar 2016.
- Veiðifélagi Langadalsárdeildar með bréfi dags. 17. febrúar 2016.
- Veiðifélagi Laugardalsár með bréfi dags. 28. febrúar 2016.



Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 9. mars 2016 og fimm tölvupóstum dags. 2. mars 2016.

Framkvæmd og umhverfisáhrif

Framkvæmdalýsing

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að framleiðsla á allt að 6.800 tonnum af laxi verði með kynslóðaskiptu eldi. Til eldisins verði notuð 10 eldissvæði sem dreifist á þrjú árgangasvæði, sem staðsett verði í Ísafjarðardjúpi og innan við Álftafjörð, og eitt varasvæði í Skötufirði. Einn árgangur verði í eldi í um tvö ár á hverju árgangasvæði, en þá verði svæðið hvílt og ný eldislota hefjist þar um það bil ári síðar. Seiði til eldisins verði framleidd í seiðaeldisstöð Háafells ehf. á Nauteyri við Ísafjörð og slátrun og vinnsla verði í slátruhúsi í Súðavík í eigu móðurfélags Háafells ehf., Hraðfrystistöðvarinnar Gunnvarar hf. (HG).

Fram kemur að notaður verði kynbættur eldisfiskur sem upprunnin sé frá Noregi. Gert sé ráð fyrir að eldið hefjist árið 2017 með útsetningu seiða og það verði komið í fullan rekstur árið 2020. Vegna framleiðslunnar verði lífmassi 6.800 tonn að hámarki að hausti og fyrrihluta vetrar. Til eldisins þurfi rúm 8.000 tonn af þurrfóðri á ári og heildarmagn næringarefna sem falli til botns undir og í nágrenni eldiskvía verði um 720 tonn yfir þriggja ára tímabil.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að færa starfsemi Háafells ehf. frá eldi á regnbogasilungi yfir í laxeldi til að auka arðsemi fiskeldisstarfseminnar.

Nýr framkvæmdaraðili

NASF - Verndarsjóður villtra laxastofna bendir á að fram til þessa hafi HG rekið eldi á þorski og regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi en nú hyggist Háafell ehf. ala þorsk og lax. Líta beri svo á að um nýtt eldi sé að ræða með nýjum framkvæmdaraðila því fyrirliggjandi leyfi séu bundin HG. Í tillögu að matsáætlun vanti meðal annars upplýsingar um ábyrgðatryggingar, lögbundna örmerkingu seiða, átak sem gera þurfi vegna saurúrgangs frá fiskeldinu, fjarmælingar og stefnu Háafells ehf. í upplýsingagjöf. Landssamband veiðifélaga telur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um hvernig Háafell ehf. hyggist tryggja greiðslu fyrir tjón á veiðihagsmunum í samræmi við lög um fiskeldi og greiðslureglu umhverfisréttar.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að HG hefur verið með áform um fiskeldisstarfsemi í Ísafjarðardjúpi og fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar, dags. 1. apríl 2015, vegna mats á umhverfisáhrifum framleiðslu á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski í Ísafjarðardjúpi á vegum HG. Tillaga að matsáætlun, sem hér er til umfjöllunar, er lögð fram í nafni Háafells ehf. Því er um nýjan framkvæmdaraðila að ræða, sem áformar starfsemi á sama framkvæmdastað og fjallað hefur verið um í ofangreindu áliti Skipulagsstofnunar. Fram kemur í yfirlýsingu HG og Háafells ehf., sem fylgir tillögu að matsáætlun, að Háafell ehf. taki yfir allar ábyrgðir og skuldbindingar HG vegna fyrri fiskeldisstarfsemi HG og þar með sem framkvæmdaraðili í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun mun því taka tillögu Háafells ehf. að matsáætlun til efnislegrar meðferðar.

Skipulagsstofnun bendir á að fyrir útgáfu rekstrarleyfis til sjókvíaeldis skal umsækjandi leggja fram sönnun þess að hann hafi keypt ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi.

Aðferðir við mat á umhverfisáhrifum

Í tillögu að matsáætlun Háafells ehf. kemur fram að fyrirtækið taki yfir allar ábyrgðir og skuldbindingar HG vegna fiskeldisstarfsemi HG. Þar með taki Háafell ehf. við stöðu HG sem framkvæmdaraðili í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum.



Fram kemur að við gerð frummatsskýrslu verði stuðst við niðurstöður og aðferðir í matsskýrslu HG frá febrúar 2015 vegna mats á umhverfisáhrifum 6.800 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og 200 tonna framleiðslu á þorski. Í frummatsskýrslu verði fjallað um sömu umhverfisþætti og þá og gerð verði grein fyrir niðurstöðum þeirrar matsskýrslu á eftirtalda umhverfisþætti: Lífrænt álag, rækjuveiðar, sjávar tengda ferðaþjónusta, heilbrigðismál (fisksjúkdóma), laxalús, slyasleppingar og samfélag.

Hér að neðan verður fjallað um þau atriði sem Háafell ehf. áformar að fjalla um í frummatsskýrslu umfram það sem gert var í ofangreindri matsskýrslu¹ og umsagnir og athugasemdir við tillögu að matsáætlun og svör framkvæmdaraðila við þeim.

Lífrænt álag

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að Hafrannsóknastofnun sé að vinna mat á burðarþoli Ísafjarðardjúps og gerð verði grein fyrir niðurstöðum þess þegar þeim verði lokið.

Umhverfisstofnun telur í umsögn sinni að gera þurfi grein fyrir hvort lífrænt álag fyrirhugaðs laxeldis verði að öllu leyti sambærilegt við fyrri áform um eldi á regnbogasilungi. Mikilvægt sé að burðarþol, sem nú sé unnið að, liggi fyrir eins snemma og kostur sé í matsferlinu og að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hver hámarks lífmassi verði í eldinu. Gera þurfi grein fyrir samlegðaráhrifum með annarri starfsemi í firðinum.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að í frummatsskýrslu þurfi að meta heildaráhrif af laxeldinu, meðal annars með tilliti til sjálfbærrar þróunar til lengri tíma, svo sem öflun á fóðri og úr hverju það sé unnið.

Í svari Háafells ehf. kemur fram að hráefnisgerð og hlutföll hráefna ráðist af markaðsverði hverju sinni og fóður geti því verið mismunandi frá einu ári til annars. Í frummatsskýrslu verði fjallað almennt um úrgangslausun í eldinu.

Óttar Yngvason, fyrir hönd eigenda Haffjarðarár, bendir á að mat á burðarþoli Ísafjarðardjúps liggi ekki fyrir og samþykki ráðuneytis skipti engu í því sambandi. Þá krefst NASF - Verndarsjóður villtra laxastofna þess að gert verði vandað burðarþolsmat fyrir Ísafjarðardjúp og innfirði þess, sem bera megir undir óháða sérfræðinga.

Veiðifélag Langadalsárdeildar telur að veruleg mengun fylgi sjókvíaeldi, vegna úrgangs og eiturefna til varnar laxalús. Þá benda eigendur Ármúla I og II á að eldiskvíar undir Bæjarhlíð og út af Kaldalóni séu nálægt landi og því sé nauðsynlegt að rannsaka hættu á mengun frá eldinu í fjöru og ósum Selár og Mórillu.

Í svari Háafells ehf. kemur fram að í frummatsskýrslu verði athugasemdum eigenda Haffjarðarár og Ármúla I og II og Veiðifélags Langadalsárdeildar svarað eftir föngum.

Skipulagsstofnun bendir á að atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið hefur, með hliðsjón af umsögn Hafrannsóknastofnunar, samþykkt burðarþolsmat sem lagt var til grundvallar mati HG á umhverfisáhrifum 6.800 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og 200 tonna framleiðslu á þorski í Ísafjarðardjúpi. Stofnuninni er ljóst að þær upplýsingar liggja til grundvallar leyfum fyrir starfseminni, sem nú eru til meðferðar hjá Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Í drögum að starfsleyfi er gert ráð fyrir að leyfi fyrir starfseminni verði endurskoðað ef burðarþolsmat svæðisins, sem Hafrannsóknastofnun vinnur nú að, verði metið of lítið fyrir starfseminni. Ljóst er að sama framleiðslumagn af laxi mun leiða af sér sambærilegt lífrænt álag og vegna eldis á regnbogasilungi.

¹ Matsskýrsla fyrir 6.800 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og 200 tonna framleiðslu á þorski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf., febrúar 2015.
<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1072/Matssk%C3%BDrsla%20HG%2012%20feb%20loka.pdf>

Áhrif á villta laxfiskastofna

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar eldisstarfsemi á heilbrigði laxfiskastofna með tilliti til smitsjúkdóma og laxalúsar og áhrif sleppifisks á slíka fiskistofna.

Smitsjúkdómar. Fram kemur að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir nýjum upplýsingum varðandi hugsanlegt smit frá eldisfiski til villtra laxfiskastofna, sem fram hafi komið frá því að matsskýrsla HG var unnin.

Laxalús. Fram kemur að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir nýjum rannsóknum á tíðni laxalúsar á villtum silungi í Ísafjarðardjúpi.

Fiskistofa telur í umsögn sinni að í frummatsskýrslu þurfi að meta líkur á því að smit berist í villta laxastofna í Ísafjarðardjúpi og í hvaða mæli. Einnig þurfi að fjalla um notkun á svokölluðu pilsí, sem draga eigi úr hættu á að laxalús berist að eldisfiski, og gera grein fyrir reynslu af notkun búnaðarins þar sem hann hefur verið notaður.

NASF - Verndarsjóður villtra laxastofna fullyrðir í athugasemd sinni að ekkert eftirlit sé með laxalús í sjóeldi og rannsóknir engar. Vaxandi eldi og stærri eldiskvíar verði til þess að laxalús verði mikið vandamál og muni stórskaða villta fiskistofna í nágrenni eldisins. Þegar laxalús verði vandamál séu eiturefni þau úrræði sem gripið verði til.

Landssamband veiðifélaga bendir á að farleiðir laxaseiða á leið til sjávar og laxa á leið úr hafi til sinna heimkynna liggi um fyrirhuguð eldissvæði. Lúsafaraldur vegna eldisins muni því valda afföllum hjá seiðum til tjóns á laxastofnum í ám við Ísafjarðardjúpi. Í frummatsskýrslu þurfi að fjalla ítarlega um dreifingu laxalúsar frá fyrirhuguðu eldi, meðal annars með tilliti til breytilegs líftíma laxalúsar í hafi og dreifingu miðað við hitastig sjávar.

Í svari Háafells ehf. kemur fram að í frummatsskýrslu verði ofangreindum athugasemdum og umsögn Fiskistofu svarað.

Slyasleppingar. Fram kemur að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áformum um að setja eldissvæði niður í meiri fjarlægð frá Selá og að hætt hafi verið við að nota eldissvæði við Blævardalsá. Fjallað verði ítarlegar en áður um grunnástand laxastofna í Ísafjarðardjúpi og atferli eldislaxa sem sleppi, meðal annars byggt á nýjum gögnum. Þá verði gerð grein fyrir aðferðum við að fanga strokulax í sjó og veiðivötnum. Fjallað verði um umhverfisáhrif strokulaxa sem hugsanlega gangi upp í laxveiðiár, áhrif þeirra á hrygningu villtra laxfiska og áhrif erfðablöndunar. Einnig verði fjallað um möguleika þess að nota geldfisk til að draga úr umhverfisáhrifum. Þá verði í frummatsskýrslu fjallað um aðferðir til að vakta hvort eldislax finnist í veiðivötnum og hvernig bregðast megi við ef svo verði til að draga úr líkum á að eldislax hrygni.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla ítarlega um slyasleppingar og mögulega erfðablöndun við villtan lax og hve víðtæk slík áhrif geti orðið.

Fiskistofa telur í umsögn sinni að í frummatsskýrslu eigi að meta hvort, og með hvaða hætti, notkun á geldlaxi dragi úr áhættu af starfseminni. Í sama streng tekur Landssamband veiðifélaga sem bendir á að Norðmenn hafi nú sett reglur um að framvegis verði aðeins notaður geldstofn í laxeldi á afmörkuðum svæðum.

Eigendur Ármúla I og II benda á að sjóbleikjustofn sé í Ísafjarðardjúpi og úr honum veiðist í Selá og Mórillu. Litlar rannsóknir hafi verið gerðar á stofninum og nauðsynlegt sé að gera rannsóknir svo unnt sé að meta umhverfisáhrif áformaðs laxeldis á sjóbleikjustofninn.

Óttar Yngvason, fyrir hönd eigenda Haffjarðarar, telur að ef laxeldið nái fram að ganga sé nánast víst að fá ár muni líða þar til villtir laxastofnar eyðist í ám sem renni í Ísafjarðardjúpi. Eldið sé

andstætt markmiðum laga um fiskeldi og þá telur hann, ásamt NASF - Verndarsjóði villtra laxastofna, að eldið stangist á við varúðarreglu náttúruverndarlaga, sem og markmið um vernd líffræðilegrar fjölbreytni í sömu lögum. Bent er á samkomulag frá 1988 milli Fiskeldis- og hafbeitarstöðva og Veiðimálastofnunar um að nota skyldi norskan lax í strandeldi en ekki í sjókvíaelði. Langadalsá og Hvannadalsá hafi sameiginlegan ós og heyri því saman. Meðalveiði á vatnasviði ána hafi verið yfir 500 laxar og af þeirri ástæðu sé fjarlægð eldissvæða við Biskupskví og Hamar ólögmæt. Í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um raunhæfar mótvægisáðgerðir ef slysaslepping verði og fjalla um tryggingar og bætur til veiðiréttareigenda vegna tjóns sem þeir kunni að verða fyrir vegna strokufisks.

Landssamband veiðifélaga telur áform Háafells ehf. gróft brot á ofangreindu samkomulagi Fiskeldis- og hafbeitarstöðva og Veiðimálastofnunar þar sem setja eigi norskan lax í fjörð þar sem laxveiðiár með náttúrulegum laxastofni falli til sjávar. Starfsemin sé í andstöðu við markmið laga um fiskirækt og laga um fiskeldi og gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, meðal annars varðandi vernd villtra dýra, plantna og vistgerða. Fjalla þurfi um að notaður verði kynbættur eldislax af norskum uppruna, sem Erfðanefnd landbúnaðarins hafi flokkað sem framandi stofn í íslenskri náttúru. Landssamband veiðifélaga telur að boðaðar mótvægisáðgerðir vegna slysasleppinga séu hvorki framkvæmanlegar né ásættanlegar, sem reynsla af slysasleppingum í Patreksfirði árið 2013 sýni. Í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hættu á erfðamengun og þol laxastofna í ám við Ísafjarðardjúp gagnvart erfðablöndun frá norskum strokulaxi og áhrif á silungastofna ef eldislax hrygnir í silungsveiðiám. Gera eigi ítarlegan samanburð á eldi í sjókvíum annars vegar og eldi í lokuðum kerfum hins vegar. Þá þurfi að fjalla um mótvægisáðgerðir eða viðbragðsáætlanir sem geti tekist á við hugsanlegt hafísrek á eldissvæðum.

Veiðifélag Langadalsárdeildar telur öruggt að fiskur muni sleppa úr eldi og eingöngu sé spurning um hver fjöldi þeirra verði. Þá geti aukin hvalagengd í Ísafjarðardjúpi, ágangur sela og válynd vetrarveður skapað hættu á að eldiskvíar verði fyrir skemmdum.

Veiðifélag Laugardalsár bendir á að dæmi sé um að ísing hafi skemmt eldisbúnað og eldisfiskur sloppið úr kvíum. Án efa muni sleppilax leita upp í Laugardalsá, sem legði ána í stórhættu af völdum erfðamengunar. Áform um laxeldið geti ekki talist samrýmast markmiði um verndun sérstöðu íslenskrar laxastofna.

Í svari Háafells ehf. kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um þau atriði sem fram komi í umsögnum Fiskistofu og Umhverfisstofnunar. Einnig verði svarað eftir mætti athugasemdom eigenda Ármúla I og II og Haffjarðarár, Landssambands veiðifélaga, NASF - Verndarsjóðs villtra laxastofna og Veiðifélags Langadalsárdeildar.

Áhrif á fugla

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði engu bætt við þá umfjöllun um fuglalíf sem var í matsskýrslu HG.

Fuglavernd bendir á að Vigur, Æðey og Borgarey séu mikilvæg fuglasvæði samkvæmt Alþjóðlegu fuglaverndarsamtökunum (*BirdLife International*). Í eyjunum séu stórar sjófuglabýggðir og í Ísafjarðardjúpi sé mikið af fugli í fjörðum góðan hluta árs og fuglalíf mjög fjölskrúðugt. Þá verpi nokkur arnarpör á svæðinu og einnig fleiri sjaldgæfir fuglar. Fuglavernd og NASF - Verndarsjóður villtra laxastofna telja að rannsaka verði hugsanleg áhrif laxeldis á fuglastofna í Ísafjarðardjúpi.

Í svari Háafells ehf. kemur fram að ekki sé talin þörf á að vinna sérfræðiskýrslu um fuglalíf í Ísafjarðardjúpi enda ekki vitað til að sjókvíaelði hafi neikvæð áhrif á fuglalíf hvorki hér á landi né erlendis. Hins vegar verði í frummatsskýrslu gerð ítarlegri grein fyrir þessum þætti en gert hafi verið í matsskýrslu HG.

Áhrif á aðra starfsemi í Ísafjarðardjúpi

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar eldisstarfsemi á sjávertengda ferðaþjónustu, rækjuveiðar og laxveiðar. Ítarlegri umfjöllun verði um ferðaþjónustu og rækjuveiðar en í matsskýrslu HG.

Sjávertengd ferðaþjónusta. Fram kemur að haft verði samráð við hagsmunaaðila innan ferðaþjónustu við Ísafjarðardjúp. Gerð verði betri grein fyrir sjónrænum áhrifum kvíðþyrpinga en gert hefur verið í matsskýrslu HG.

Ferðamálastofa leggur til að samráð verði haft við fleiri ferðaþjónustuaðila en þá sem tengjast sjávertengdri ferðaþjónustu til að fá frekari ábendingar um þróun ferðaþjónustunnar í Ísafjarðardjúpi.

Eigendur Ármúla I og II, NASF - Verndarsjóður villtra laxastofna, Veiðifélag Langadalsárdeildar og Veiðifélag Laugardalsár telja að sjónmengun af völdum fjölda eldiskvíða muni skaða ímynd svæðisins og spilla fyrir þróun og vexti ferðaþjónustu við Ísafjarðardjúp.

NASF - Verndarsjóður villtra laxastofna telur að saur- og grútarmengun muni breiðast um strandlengju við Ísafjarðardjúp og muni skaða ímynd og aðstöðu til strandveiða og annarrar vistvænnar nýtingar.

Rækjuveiðar. Fram kemur að gerðar verði frekari tilhliðranir varðandi staðsetningar sjókvía en áður til að koma til móts við athugasemdir frá rækjusjóðmönnum. Það verði gert með því að nota Skötufjörð sem varasvæði sem til dæmis væri hægt að nota þegar von sé á mikilli veiði í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Lögð verði áhersla á að byggja upp eldi í utanverðum Seyðisfirði og Kofradýpi þar sem lítið veiðist af rækju. Þá sé nú gert ráð fyrir stærri eldissvæðum sem auki möguleika á að færa til kvíðþyrpingar.

Dýrfiskur hf., nú Arctic Sea Farm, bendir á að eitt af fyrirhuguðum eldissvæðum í Skötufirði sé nálægt þeim stað sem Arctic Oddi ehf., systurfélag Dýrfisks, hafi leyfi til fiskeldis.

Orkustofnun bendir á að árið 2011 hafi stofnunin veitt leyfi til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti víða í Ísafjarðardjúpi, en mörk rannsóknasvæða hafi þó ekki verið hnitsett. Líklegt sé að fyrirhugað eldi Háafells ehf. skarist við nokkur rannsóknasvæðanna, þ.e. eldissvæði í Álftafirði, Seyðisfirði, Skötufirði, Mjóafirði og mögulega við Kaldalón. Þess er óskað að fullt samráð verði haft við stofnunina meðan á matsferli standi.

Í svari Háafells ehf. kemur fram að HG hafi haft leyfi til fiskeldis í Álftafirði frá árinu 2002 og í Seyðisfirði frá árinu 2004. Þá kemur fram að árið 2010 hafi HG byrjað rannsóknir vegna fyrirhugaðs eldis í Skötufirði og Mjóafirði. Orkustofnun hafi ekki haft samráð við HG/Háafell við afgreiðslu leyfa til leita og rannsókna á kalkþörungaseti. Háafell ehf. áformi að hafa sem næst samfellt eldi í Álftafirði þó á öðrum stöðum verði eldissvæði hvíld á þriggja ára fresti. Því sé illmögulegt að í firðinum verði einnig kalkþörunganáms. Eldissvæði í Seyðisfirði muni skarast við svæði til rannsókna á kalkþörungaseti. Loks kemur fram að við Kaldalón verði eldissvæði á töluvert meira dýpi en efnisnám kalkþörungasetis og ekki verði um að ræða beina skörun.

Velferð eldisdýra

Landssamband veiðifélaga bendir á að þó sjór hafi hlýnað við Ísland undanfarin ár hafi Vestfirðir, fyrr á tímum, ekki þótt vænlegir til laxeldis í sjó vegna sjávarkulda á vetrum og veðurfars. Í byrjun árs 2014 hafi orðið mikil afföll á eldisfiski í sjókví í Patreksfirði svo grípa þurfti til neyðarslátrunar, sem vafalítið mætti rekja til veðurfars og kulda sjávar á þeim tíma. Í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um staðbundna umhverfisþætti sem kunni að hafa áhrif á velferð eldisdýra á svæðinu.

Samfélagsáhrif

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um samfélagsáhrif á sama hátt og í matsskýrslu HG en jafnframt greint frá nýjum gögnum um samfélagsleg áhrif.

Niðurstaða

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Háafells ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

- Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samlegð fyrirhugaðs laxeldis með nýjum áformum Arnarlax hf. um laxeldi í Ísafjarðardjúpi.
- Í frummatsskýrslu þarf að lýsa ítarlega viðbragðsáætlun sem fylgt verður ef eldislax sleppur úr eldinu og hvernig verja eigi að hann gangi upp í ár sem renna í Ísafjarðardjúp. Hér er meðal annars átt við gögn sem Fiskistofu eru nauðsynleg til að meta hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi.
- Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig staðið verður að vöktun á lífrænu álagi sjávar og hvernig brugðist verður við ef álag verður umfram ásættanleg viðmið. Hér er átt við áætlun sem Háafell ehf. áformar að leggja fram vegna umsóknar um starfsleyfi, enda telur Skipulagsstofnun að umfjöllun um hana í frummatsskýrslu sé til þess fallin að flýta fyrir umsóknarferlinu þegar þar að kemur.
- Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um fyrirhugaða framkvæmd í ljósi markmiða 2. gr. laga um náttúruvernd um vernd vistgerða, vistkerfa og tegunda og 2. mgr. 65. gr. þeirra laga.

Jafnframt viðhafi framkvæmdaraðili það verklag sem hann kynnti í bréfi dags. 9. mars 2016 og fimm tölvupóstum dags. 2. mars 2016.

Reykjavík, 12. apríl 2016

Jakob Gunnarsson

Sigmar Arnar Steingrímsson